




N. Már Nikulásson

Fæddur 8. ágúst 1923
Dáinn 30. október 2010



Útför frá Kirkju Óháða safnaðarins
föstudaginn 5. nóvember 2010

FORSPIL
Leikið af geisladiski
Ellý Vilhjálms

BÆN

Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín, enda þótt öll sé kross upphefðin mín. Hljóma skal harpan mín: :: Hærra, minn Guð, til þín, :: hærra til þín.	Sofanda sýndu þá sólstigans braut upp í þitt eilífa alfðurskaut. Hljómi svo harpan mín: :: Hærra, minn Guð, til þín, :: hærra til þín.
---	--

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Matthías Jochumsson.

RITNINGARLESTUR

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

23. Davíðssálmur – Margrét Scheving.



GUÐSPJALL

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri marga, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þórarinnsson.

MINNINGARORÐ

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virzt mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Sveinbjörn Egilsson.

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson.

BÆNIR OG FAÐIR VOR

MOLDUN

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjónvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson.

BLESSUN

EFTIRSPIL
Leikið af geisladiski
Sveitin milli sanda
Ellý Vilhjálms

Prestur:
Sr. Bragi Skúlason
Organisti:
Árni Heiðar Karlsson
Kór:
Félagar úr Hljómkórnum
Umsjón útfarar:
Útfararstofa Íslands

Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í safnaðarheimili kirkjunnar að athöfn lokinni.

Jarðsett í Gufuneskirkjugarði.

